

ÍV Ríkisskuldabréfasjóður hs.

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Heiti: ÍV Ríkisskuldabréfasjóður hs.

Rekstrarfélag: ÍV sjóðir hf.

Sími: +354 460 4700

Vefsíða: <https://www.ivsjodir.is/iv/sjodir>

Kennitala: 650615-9720

ISIN: IS0000007045

Vörsluaðili: Íslensk verðbréf hf.

Söluaðili: Íslensk verðbréf hf.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og er rekinn af ÍV sjóðum hf., kt. 491001-2080, dótturfélagi Íslenskra verðbréfa hf. ÍV sjóðir hf. hafa starfsleyfi á Íslandi og heyra undir eftirlit fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Lykilupplýsingar þessar miðast við 15. mars 2024.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Verðbréfasjóður

Markmið

Stýring sjóðsins miðar að því að ávaxta fjármuni með virku vali á ríkistryggðum skuldabréfum. Sjóðurinn hefur ekki heimild til að stunda viðskipti með afleiður.

Fjárfest er í ríkistryggðum skuldabréfum, þ.e. skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs Íslands.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign er bætt við höfuðstól sjóðsins.

Ávöxtun sjóðsins ræðst af breytingum á markaðsvirði eigna sjóðsins á fjárfestingartímanum. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga undir venjulegum kringumstæðum.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn er ákjósanlegur kostur fyrir þá sem vilja ávaxta fjármuni til millilangs tíma (2 ár eða lengur) og þola nokkrar sveiflur í ávöxtun. Þar sem meðallíftími fjárfestinga sjóðsins er að jafnaði 5-10 ár getur gengi sjóðsins sveiflast nokkuð við breytingar á ávöxtunarkröfu á markaði. Ekki er krafist sérstakrar þekkingar né reynslu af fjármálamörkuðum eða fjárfestingum í verðbréfum af þeim sem hyggjast fjárfesta í sjóðnum.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar, þ.m.t. innlausnarvirði sjóðsins, útboðslýsingu hans, upplýsingablað, ársreiknings sjóðsins og rekstraraðila sem og upplýsingar um tilhögun viðskipta má nálgast á www.ivsjodir.is.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun get ég fengið?

Minni áhætta Meiri áhætta
Mönulega læri ávöxtun Mönulega hærrí ávöxtun

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig sjóðsins samanburðir við aðrar afurðir og sýnir hversu líklegt er að sjóðurinn muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum.

Sjóðurinn mælist með gildið 2 af 7 sem þýðir að áhættan er lág.

Lægsti áhættuflokkurinn þýðir ekki að fjárfesting sé áhættulaus. Áhættumælikvarðinn getur breyst á milli

tímabila vegna breytinga á eignasafni sjóðsins. Ávöxtun sjóðsins í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áhættumælikvarðinn nær ekki yfir alla áhættuþætti sem skipt geta máli. Aðrir helstu áhættuþættir samfara fjárfestingu í sjóðnum eru:

- Lausafjárahætta, þ.e. aðstæður sé með þeim hætti að erfitt sé að selja eignir á viðunandi verði.
- Mótaðilaáhætta, þ.e. ef útgefandi verðbréfa greiðir ekki á gjalddaga.
- Rekstraráhætta, þ.e. ef eignir misfarast eða tapast vegna vörslu eigna.

Nánar er fjallað um áhættu afurðarinnar, þ.m.t. fleiri áhættuþætti en hér eru taldir, í útboðslýsingu afurðarinnar sem nálgast má á www.ivsjodir.is.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og lýtur eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

ÍV sjóðir hf. hafa starfsleyfi frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

Þessar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta voru síðast uppfærðar 15.03.2024.

Afurðin felur ekki í sér varnir gegn breytingum á ávöxtun á verðbréfamörkuðum í framtíðinni og þannig gætir þú tapað fjárfestingu þinni að hluta til eða heild.

Árangurssviðsmyndir

Neðangreind tafla sýnir fé sem þú gætir fengið til baka á næstu 5 árum miðað við mismunandi sviðsmyndir. Sviðsmyndirnar sýna hver árangur fjárfestingar þinnar gæti orðið og gerir þér kleift að bera þær saman við sambærilegar sviðsmyndir annarra afurða. Sviðsmyndirnar sýna mat sem byggir á gögnum um verðbreytingar á þessari fjárfestingu og er ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð mun ráðast af verðbreytingum á viðkomandi mörkuðum í framtíðinni og hve lengi fjárfestingunni er haldið. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður en tekur ekki tillit til aðstæðna þar sem ekki er mögulegt að greiða út inneignir úr sjóðnum. Aðrar sviðsmyndir byggja á versta, meðal og besta árangri afurðarinnar undanfarin 10 ár.

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa eða söluaðila. Tölurnar taka ekki tillit til skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Ráðlagður fjárfestingartími:	5 ár		
Fjárfesting:	1.000.000 kr		
Ef innleyst er eftir (ár):		1	5
Lágmark	Lágmarksávöxtun er ekki tryggð. Þú getur tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni.		
Álagssviðmið	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	917.836 kr -8,22%	866.593 kr -2,82%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	958.359 kr -4,16%	951.232 kr -0,99%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	1.009.107 kr 0,91%	1.068.432 kr 1,33%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	1.063.236 kr 6,32%	1.200.885 kr 3,73%

Hvað gerist ef ÍV sjóðir geta ekki greitt út?

Sjóðurinn einn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Einungis eignir sjóðsins standa til fullnustu skuldbindingum hans. Hvorki rekstraraðili né vörsluaðili bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Vörsluaðili sakl lögum samkvæmt varðveita alla fjármálagerninga sjóðs og tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum. Eignarhlutdeild í sjóðnum fellur ekki undir lágmarksvernd Tryggingasjóðs vegna fjármálafyrirtækja, skv. lögum nr. 98/1999 um innstæuþryggingu og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta.

Hver er kostnaðurinn?

Aðilinn sem veitir þér ráðgjöf eða annast sölu á afurðinni til þín kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Sé það raunin mun sá aðili veita þér upplýsingar um þann kostnað og sýna hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma.

Kostnaður yfir tíma

Fjárhæðirnar sem eru sýndar fela í sér uppsafnaðan kostnað yfir mismunandi lengd á fjárfestingartíma. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar. Tölurnar eru áætlaðar og geta þær breyst í framtíðinni. Lækkun á ávöxtun á ári sýnir hvaða áhrif heildarkostnaðar sem þú greiðir mun hafa á ávöxtunina sem þú kannt að fá.

Við gerum ráð fyrir að ári 1 er 0% árleg ávöxtun. Fyrir önnur tímabil er gert ráð fyrir ávöxtun skv. hóflegri sviðsmynd.

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Ef innleyst eftir (ár):	1	5
Heildarkostnaður	16.740 kr	68.660 kr
Áhrif á ávöxtun á ári*	1,67%	1,27%

*Þetta sýnir hvernig kostnaður lækkar ávöxtun þína á hverju ári. Sem dæmi sýnir þetta að ef þú innleysir fjárfestingu þína eftir 5 ár þá er meðalávöxtun þín á ári áætluð 2,60% fyrir kostnað og 1,33% eftir kostnað.

Samsetning kostnaðar

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Stakur kostnaður		% af fjárfestingu	Ef þú selur eftir 1 ár
Inngöngukostnaður	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar. Um er að ræða hámarksgjald skv. reglum sjóðsins en í einhverjum tilfellum getur gjaldið verið lægra. Söluaðili veitir upplýsingar um gjaldtöku.	0,50%	5.000 kr
Útgöngukostnaður	Enginn útgöngukostnaður er innheimtur	0,00%	0 kr

Viðvarandi kostnaður

Umsjónarlaun og annar rekstrarkostnaður	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir stýringu og rekstur sjóðsins. Tölurnar byggja á rauntölum sl. rekstrarárs.	1,07%	10.665 kr
Viðskiptakostnaður	Áhrif kostnaðar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar. Þessi kostnaður er m.a. háður fjölda viðskipta og byggjast þessar tölur á rauntölum sl. 3 rekstrarár.	0,11%	1.075 kr

Aukakostnaður

Árangurstengdar þóknarir	Skv. reglum sjóðsins greiðir sjóðurinn ekki árangurstengdar þóknarir.	0,00%	0 kr
--------------------------	---	-------	------

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út fyrr?

Ráðlagður fjárfestingartími: 2 ár

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eiganda án kostnaðar en söluaðila er heimilt að innheimta afgreiðslugjalds. Þrátt fyrir að ráðlagður fjárfestingartími sé að lágmarki 2 ár þá getur þú innleyst eign þín hvenær sem er fyrir þann tíma.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun við Íslensk verðbréf hf., söluaðila sjóðsins, með tölvupósti á iv@iv.is eða í síma 460-4700. Einnig má beina kvörtunum beint til rekstraraðila sjóðsins, ÍV sjóða hf., með tölvupósti á ivsjoDIR@ivsjoDIR.is eða í síma 460-4700.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Útboðslýsing, gengi, ársreikningur og hálfársuppgjör sjóðsins eru aðgengileg hjá ÍV sjóðum á www.ivsjoDIR.is.

Upplýsingar um ávöxtun sjóðsins má finna á www.ivsjoDIR.is.